



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☎ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. ágúst 2005

Tilvísun: UST20050800012/sf

Náma í Laugarfelli, Fljótsdalshreppi. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 1. ágúst sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Lýsing framkvæmdar

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að um er að ræða efnistöku í suðurhlíðum Laugarfells á Fljótsdalsheiði og er ætlunin að vinna þar kjarnaefni fyrir Ufsarstíflu. Efnistökuastaðurinn liggur að þeim vegi sem lagður hefur verið af Landsvirkjun að virkjunarsvæði Jökulsárveitu og er á ógrónu svæði. Áætlað er að náman nái yfir 25-30 þús. m² svæði og er áætlað efnismagn sem taka á úr námunni 80 þús. m³. Í tilkynningunni kemur einnig fram að landslagsarkitekt verði fenginn til að laga námu að vegi og aðliggjandi landi þannig að ummerki um námuvinnsluna verði vart merkjanleg.

Umsögn

Það svæði sem afmarkað er sem efnistökusvæði er á ógrónu svæði í suðurhlíðum Laugarfells og hefur því nú þegar verið raskað með efnistöku. Efnistökusvæðið er neðst í hlíðum fjallsins og er að mati Umhverfisstofnunar hægt að standa þannig að efnistökunni að ásættanlegt sé út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Í tölvupósti til Landsvirkjunar dags. 27. apríl sl. í kjölfar eftirlitsferðar starfsmanns Umhverfisstofnunar um virkjunarsvæði Kárahnjúkavirkjunar kemur eftirfarandi umsögn fram varðandi námu í Laugarfelli:


„Náma í Laugarfelli. Fyrirhuguð náma er á svæði sem þegar hefur að hluta verið raskað við efnistöku. Eins og náman er staðsett á korti LV ætti að vera auðvelt að ganga frá námunni til suðurs. Huga þyrfti að aðlögun námusvæðisins að landi austan og vestan námunnar. Ef af efnistöku verður á þessu svæði væri æskilegt að vinna námuna eftir sniðum eins og þeim sem fylgdu með gögnum LV, þar sem vinnsludýpi væri ákveðið til að tryggja að heildaryfirbragð svæðisins verði sem best að efnistöku lokinni.“


Með hliðsjón af framansögðu telur Umhverfisstofnun að ef tekið verður tillit til ofangreindra ábendinga stofnunarinnar sé ekki líklegt að fyrirhuguð efnistaka í Laugarfelli muni hafa í för

með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að leggja verður fram áætlun um efnistöku, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs